



Leikskólinn Lundaból
Garðabæ



Fundargerð foreldrafélags Lundabóls

Fundur hófst 16:00

Björg Helga Geirsdóttir, leikskólastjóri, boðaði fundinn með tölvupósti 7. september.

Mætt voru þau Björg Helga Geirsdóttir, Íris Rut Sigurbergsdóttir, Eva Halldórsdóttir og Emil Harðarson.

Stjórn samþykkti og undirritaði samninga sem veittu Evu um aðgang að netbanka og reikningum félagsins. Ákveðið var að Björg sendir skjölin, ásamt fundargerð aðalfundar til Arion banka.

Breytingar á starfi foreldrafélagsins og viðburðum í leikskólanum voru ræddar, í ljósi þess að takmörkunum vegna covid-19 hefur verið aflýst. Nú verður t.d. aftur hægt að halda ömmu- og afa kaffi, aðventukaffi o.fl. Umræða um hvort breyta ætti fyrirkomulagi en ákveðið að halda að mestu sama striki og fyrir covid.

Farið var yfir kostnað félagsins síðasta ár og almenn umræða um hvernig nýta eigi félagsgjöld og sjóði félagsins í ár. Kostnaður við rútuakstur hefur hækkað mikið.

Björg stakk upp á að reynt yrði að fá Bernd Ogrodnik til að halda brúðuleikhús í desember. Aðrir fundargestir jákvæðir og styðja hugmyndina. Rætt að miða frekar við að gefa börnum mat, t.d. mandarínur eða rúsínupakka um jólin frekar en leikföng. Meðal annars að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða. Almennur vilji fundargesta að nota pening frekar í viðburði, sýningar o.þ.h.

Ákveðið að Eva býr til grófa fjárhagsáætlun fyrir starf félagsins í vetur.

Farið er í sveitaferðina annað hvert ár og því verður ekki farið í ár. Því var ákveðið að passa upp á að afgangur verði af starfi félagsins í ár sem hægt verður að nota í sveitaferðina á næsta ári.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið 17:00

/Fundargerð ritaði Emil